

**OPIÐ BRÉF**7  
13. apríl

um

nýjar óhlutbundnar kosningar til Alþingis.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Með því að Vér höfum með opnu bréfi dagsettu í dag,  
rofið Alþingi, sem nú er, þá er það allramildilegastur vilji Vor, að nýjar al-  
mennar óhlutbundnar kosningar skuli fara fram 12. júní næstkomandi.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum svo fyrir, að almennar óhlutbundnar  
kosningar til Alþingis skuli fara fram nefndan dag.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

*Gjört á Christiansborg, 13. apríl 1931.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Tryggvi Þórhallsson.*